

JAFNLAUNASTEFNA

Fastus er vinnustaður sem metur hvern einstakling að verðmætum og tryggir að greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Fastus skuldbindur sig til að starfa eftir jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 með tilheyrandi rýni, skjalfestingu og skuldbindingum um stöðugar umbætur, eftirlit og viðbrögð. Einnig skal fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum er varða jafnlaunakerfið, þar með talið lögum nr. 150/2020 um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna.

Framkvæma skal reglubundnar greiningar á launum sem myndar grunn að markmiðasetningu í jafnlaunamálum. Brugðist skal við útskýrðum launamun og skulu niðurstöður kynntar starfsfólki. Á rýnifundum stjórnenda er farið yfir árangur, tryggt að jafnlaunakerfið sé virkt og fullnægjandi.

Stefna tekin fyrir og samþykkt á rekstrarfundi stjórnenda 09.04.2021

Ábyrgaraðili: Einar Hannesson